

1. Almennt:

Klausturbleikja ehf., kt. 660290-1849, Klausturvegi 5, 880 Kirkjubæjarklaustri, hefur verið með rekstrarleyfi (FE-1066) fyrir áframeldi í landeldisstöð sinni í landi Teygingarlæks við Eldvatn. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 8. nóvember 2023.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi Teygingarlæks með frárennsli í Eldvatn og þaðan til sjávar. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru með ristar og einnig eru tvö sigti í affalli. Allt frárennsli fer í gegnum setþró.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Klausturbleikju ehf. skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 21. nóvember til 19. desember 2023 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Klausturbleikju ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 100 tonn til áframeldis á bleikju.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 1. september 2028. Rekstrarleyfið gildir til 20. desember 2039.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1220) kemur það í stað rekstrarleyfis Klausturbleikju ehf. (FE-1066/IS-36123)

Selfossi, 20. desember 2023